

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1144  
komudagur 13.1.2011

Reykjavík 13. janúar 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræði 8-10  
150 Reykjavík  
B/t Menntamálanefnd.

*Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heimspeki sem skyldufag í grunn- og framhaldsskóla, lögð fram á 139. löggjafarþingi, 86. mál, þskj. 91.*

*Umsagnaraðili: Stjórn Félags áhugamanna um heimspeki (FÁH)*

Stjórn Félags áhugamanna um heimspeki fagnar þeim áhuga á heimspeki og heimspekikennslu sem tillagan ber vott um. Hlutverk heimspeki og heimspekikennslu á öllum skólastigum er áhugamönnum um heimspeki hugleikið og telur stjórn félagsins mikilvægt að staða heimspekinnar í menntakerfinu sé í stöðugri endurskoðun. Nægir þar að nefna ábendingar í 8. bindi skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið, og vísað er til í greinargerð tillögunar.

Stjórn félagsins hvetur til þess að hugað verði að því hvernig laga megi það megininntak þingsályktunartillögunnar að auka heimspekikennslu í grunn- og framhaldsskóla að komandi námsskrá framhaldsskóla og því sjálfstæði sem þeim er ætlað í henni við mótun áfanga og námsbrauta.

Virðingarfyllst,

Egill Arnarson,  
Ægir Karl Ægisson,  
Njörður Sigurjónsson,  
Margrét Elísabet Ólafsdóttir,  
Jakob Guðmundur Rúnarsson